

## LISTIR

# Með tónlistina í kollinum

Bandaríkjamaðurinn Rico Saccani er tekinn við starfi aðalhljómsveitarstjóra og listræns ráðunautar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Stjórnar hann sínum fyrstu tónleikum í Háskólabíói í kvöld. **Orri Páll**

Ormarsson ræddi við Saccani af því tilefni.

Í ÁRATUG hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands verið í finnskum höndum. Fyrst gegndi Petri Sakari starfi aðalhljómsveitarstjóra, þá Osma Vänskä og síðan Sakari aftur. Verður framlag þeirra seint fullþakkað! Allt er þó breytingum háð og 1. september síðastliðinn var tónsprotinn lagður í hendur Rico Saccani, Bandaríkjamanni af ítölsku og rússneskum ættum. Fær hann það hlutverk að leiða þennan mættarstólpa íslenskrar menningar inn í nýja öld, hlúa að honum og hvetja hann til frekari afreka. Nú er markhópurinn ekki lengur örfáar hræður á afskekktu eyju í Norður-Atlantshafi, heldur heimurinn allur!

Rico Saccani er víðmótsþýður maður, brosmildur, glaðlegur. Það leynir sér ekki að hann er af ítölsku bergi brottinn, bæði er svipurinn súrænn, og svo talar hann af innlifun - ástríðan hreinlega kraumar í honum. Og ekki verður annað sagt en áhuginn skíni úr andlitinu þegar hann fjallar vítt og breitt um umræðuefni dagsins - Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Saccani veit að hverju hann gengur - hefur komið reglulega til Íslands sem gestastjórnandi undanfarin níu ár. Síðast var hann hér á ferð vorið 1996 og stjórnaði þá konsertuppfærslu á Otello Verdis. Kristján Jóhannsson tenórsöngvari var þar í

aðalhlutverki en þeim Saccani er einmitt vel til vana. En var hann strax ákveðinn í að þiggja boð SÍ um að taka að sér starf aðalhljómsveitarstjóra?

„Já, svo sannarlega. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur getið sér gott orð á alþjóðavettvangi - um það verður ekki deilt. Tónleikaferðir hljómsveitarinnar til útlanda hafa verið afar vel heppnaðar og geislaþlötur hennar fengið frábærar viðtökur. Þá hefur sú staðreynd að SÍ er að hljóðrita öll hljómsveitarverk Sibelíusar fyrir Naxos, sem er risi á sviði útgáfamála, vakið mikla athygli á hljómsveitinni erlendis. Ég er því að taka við hljómsveit á heimsmælikvarða.“

Að mati Saccanis liggur styrkur SÍ ekki síst í því hvað hljómsveitin er vön upptökum. „Hljómsveitin ver umtalsverðum tíma í upptökum fyrir útvarp og geislaþlötur. Í þessu felst mikill styrkur, því upptök haldast öllum hljómsveitum við efnið, þær gæta ekki annað en gert sitt besta á hverjum einasta degi. Hljómsveitir sem sjaldan eða aldrei hljóðrita efni eiga aftur á móti á hættu að verða kærulausar, latar, og þá hrakar þeim fljótt.“

#### Farsælt samstarf

Saccani segir það aukinheldur hafa auðveldað sér ákvörðunina að samstarf hans við SÍ hafi alla tíð ver-

ið ákaflega farsælt - ekkert hafi kastað skugga þar á. „Samvinna mín og SÍ hefur verið til eftirbreytni, bæði frá listrænu og félagslegu sjónarhorni, sem er ekki síður mikilvægt. Hljómsveit og stjórnandi verða að geta umgengist hvort annað af ljúju og virðingu og það hefur okkur svo sannarlega tekist. Hljóðfærleikarnir í SÍ vita að mínar dyr standa alltaf opnar - hvar sem er, hvenær sem er, í blíðu og stríðu. Þannig á það líka að vera. Því betur sem fólki kemur saman, þeim mun betri tónlist leikur það. Það gengur ekki að hafa stjórnandann hér, hljómsveitina þar og Kínámúrinn á milli!“

Þrátt fyrir þetta viðurkennir Saccani að tilboð SÍ hafi komið sér á óvart. „Ég neita því ekki að ég varð hissa þegar Runólfur Birgir Leifsson, fráfarandi framkvæmdastjóri, hringdi í mig út til Ítalíu og gerði mér þetta freistandi tilboð. Ég hafði satt best að segja aldrei hugsað út í þetta. Á hitt ber þó að líta að fagið, sem ég starfa í, er fullt af óvæntum upplásum! Maður sem býr á hóteli í níu til tíu mánuði á ári tekur engu sem sjálfsgögnum hlut. Það er ekki til neins. Hlutirnir bara gerast - yfirleitt hratt.“

Níu til tíu mánuði á hóteli! Skyldi maðurinn eiga heimili, í eiginlegri merkingu þess orðs. „Jú, jú,“ segir Saccani og hlær.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

RICO Saccani, nýr aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sveiflar tónsprotanum á æfingu í Háskólabíói.

„Heimili mitt er í Verona á Ítalíu, þar sem ég á tvo syni. Þar reyni ég að vera eins oft og ég get. Þá ver ég alltaf nokkrum vikum á ári í Búdapest en ég gegni starfi aðalhljómsveitarstjóra filharmóníuhljómsveitarinnar þar í borg. Þar fyrir utan er ég á ferð og flugi, austan hafs og vestan.“

Saccani segir það mikinn heiður að fá að leiða Sinfóníuhljómsveit Íslands inn í nýja öld, en samningur hans er til tveggja ára. „Mér er mikil virðing sýnd með þessu enda eru margþætt tímamót á næstu grösom, landafundaafmælið, kristnitökuaufmælið og fimmtíu ára afmæli hljómsveitarinnar, svo eitthvað sé nefnt. Þetta gerir verkefnið jafnvel enn meira aðlaðandi!“

Ljóst má vera að með ráðningu Saccanis í starf aðalhljómsveitarstjóra er SÍ að halda inn á nýjar brautir, því tveir síðustu mennirnir sem gegnt hafa starfinu, Sakari og Vänskä, koma úr gjörólíki átt. Þetta eru ekki aðeins ólíkir listamenn, heldur jafnframt ólíkar persónur, hver með sitt geðslag. Á hverju eiga tónleikagestir von?

„Þeir eiga ekki endilega von á miklum breytingum, miklu frekar öðrum áherslum. Eigum við ekki að segja að tónlistin verði skoðuð frá öðru sjónarhorni - frá sjónarhorni hennar suðrænu hefðar. Þá kemur bakgrunnur minn í óperu og sem pí-

anóleikara óhjákvæmilega til með að hafa áhrif. Allir hljómsveitarstjórnar mæta til leiks með sína menningu, sinn stíl, sitt fingrafar að leiðarljósi.“

#### Eins og að keyra Ferrari

Að vel athuguðu máli segir stjórnandinn reyndar tómt mál að tala um breytingar. Síst af öllu vildi hann breyta Sinfóníuhljómsveit Íslands! „Að stjórna SÍ er eins og að keyra Ferrari - yndislegt! Hljómsveitin er einstaklega samvinnufús, að ekki sé talað um færni listamannanna. Sinfóníuhljómsveit Íslands þekkir engin takmörk - henni eru allir vegir færir! Þegar hún leikur þýska efnisskrá hljómar hún eins og þýsk hljómsveit, þegar hún leikur bandaríska efnisskrá hljómar hún eins og bandarísk hljómsveit og þar fram eftir götum. Þar fyrir utan hefur hún frábært vald á þessum dimma norræna tóni, sem hljómsveitir á Spáni, í Frakklandi og á Ítalíu eiga svo erfitt með að ná fram. Það leikur hreinlega allt í höndunum á þessu fólki. Þess vegna verður einmitt gaman að heyra hana fást við efni frá suðlægari slóðum. Þannig lít ég einmitt á hlutverk mitt - að bæta við litrófi!“

Og það ætlar Saccani svo sannarlega að gera. Lagði til að mynda strax kapp á að byrja upp á nýjungum í verkefnavali, gera hluti sem hafa aldrei, eða að minnsta kosti

#### JAZZHÁTÍÐ REYKJAVÍKUR í Kvöld:

**Cristián Cuturrufo**  
Agnar Már Magnússon  
Þórður Högnason  
Matthías Hemstock  
**KAFFILEIKHÚSIÐ**  
kl. 21:00

**Egill B. Hreinsson**  
Útgáfutónleikar  
**SÓLON ÍSLANDUS**  
kl. 20:30

**Tómas R. Einarsson**  
**SÓLON ÍSLANDUS**  
kl. 22:00

www.mbl.is

## Bjarni Bjarnason les í kaffistofu Gerðarsafns

BJARNI Bjarnason verður gestur Ritlistarhóps Kópavogs í kvöld, fimmtudag.

Bjarni hefur sent frá sér sjö bækur. Þar á meðal verðlaunabókina Næturvörður kyrrðarinnar og á undan henni Endurkoma Maríu, sem tilnefnd var til íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Upplæsturinn fer fram í kaffistofu Gerðarsafns kl. 17 og stendur í klukkutíma. Aðgangur er ókeypis.

## Sýningum lýkur

Gallerí Geysir Ingólfstorgi

SÝNINGU Listasmiðju Hins hússins lýkur sunnudaginn 13. september.

Á sýningunni eru ýmsir munir sem eru gerðir með endurnýtingu efnis í huga, s.s. töskur úr gúmmibátum, dagblöðum og plastborðdúkum, taflborð, speglar o.fl.

Að sýningunni standa fjögur ungmenni sem hafa verið í starfsnámi hjá Hinu húsinu.

#### Hafnarborg

Nú stendur yfir sýning á verkum þriggja listamanna, þeirra Jóns Óskars, Guðjóns Bjarnasonar og Bjarna Sigurbjörnssonar. Verkin leitast við að reyna á mörk málverkisins, að afmarka og opna í senn þær hugmyndir sem hafa verið ráðandi í málalari, en þessir þrjú listamenn eru þegar þekktir fyrir tilraunir af þessu tagi, segir í fréttatilkyningu.

Ennfremur stendur yfir ljósmyndasýningin Stefania sem er lokaverkefni Hönnu Kristínar Gunnarsdóttur úr framhaldsnámi í heimildaljósmýndun í Stockport Collage í Bretlandi.

Þessum sýningum lýkur mánudaginn 14. september.

Hafnarborg er opin frá kl. 12-18 alla daga nema þriðjudaga.

## Ljósmynda sýning í Mökkakaffi

ORRI Jónsson opnar ljósmyndasýningu á kaffihúsinu Mokka við Skólavörðustíg í dag, fimmtudag.

Orri stundaði ljósmyndanám við School of Visual Arts í New York og útskrifaðist þaðan árið 1996. Hann tók þátt í samsýningu í New York árið 1994 og er sýningin á Mokka hans fyrsta einkasýning.



LJÓSMYND Orra Jónssonar sem sýnir á Mokka.

Ljósmyndirnar á þessari sýningu eru allar svarthvítar portretmyndir og stendur sýningin til 10. október.

#### Trio Romance

## Tónleikaferð um Austfirði

TRIO ROMANCE heldur í tónleikaferð til Austfjarða dagana 13. og 14. september. Tríoíð er skipað flautuleikurum Martial Nardeau og Guðrúnu Birgisdóttur og Peter Máté pianóleikara.

Á efnisskrá þeirra eru verk eftir Kummer, Hindemith, Copland og Doppler. Í ferðinni frumflytja þau einnig nýjar útsetningar á íslenskum lögum fyrir tvær flautur og píano eftir Atla Heimi Sveinsson. Fyrstu tónleikarnir verða sunnudaginn 13. september í Seyðisfjarðarkirkju kl. 16 og sama dag í Safnadarheimili Norðfjarðarkirkju kl. 21. Síðustu tónleikar í þessari ferð verða mánudagskvöldið 14. september kl. 20.30 í Hafnarkirkju í Hornafirði.

Að tónleikunum standa Menningarnefndir sveitarfélaganna og eru þeir styrktir af Félagi íslenskra tónlistarmanna.



TRIO Romance